um loðdýrarækt.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. marz.)

1. gr.

Loðdýr nefnast í lögum þessum öll þau dýr, sem ræktuð eru eða alin vegna verðmætis skinnanna eingöngu eða aðallega. Landbúnaðarráðherra sker úr ágreiningi, hvort dýrategund skuli teljast til loðdýra eða ekki.

2. gr.

Loðdýrarækt nefnist í lögum þessum, þegar loðdýr eru haldin til tímgunar og uppeldis af ræktuðum stofni eða ef dýrin eru alin um stundarsakir vegna skinnaframleiðslu eingöngu eða aðallega. Loðdýragarðar nefnast bú og girðingar, þar sem loðdýr eru höfð í vörzlu.

3. gr.

Loðdýrarækt er óheimil nema í loðdýragörðum, sem hlotið hafa viðurkenningu samkvæmt ákvæðum þessara laga.

4. gr.

Það er meginstefna þessara laga, að loðdýr verði einungis ræktuð hér á landi í sérstaklega útbúnum og vönduðum loðdýragörðum og einungis verði ræktuð þar valin kyn loðdýra.

5. gr.

Embætti veiðistjóra skv. 1. gr. laga nr. 52 5. júní 1957 annast eftirlit með því, að ákvæðum laga þessara sé fylgt.

6. gr.

Þeir, sem óska að stofnsetja loðdýragarð hér á landi, skulu senda landbúnaðarráðuneytinu umsókn um það efni. Umsóknum skulu fylgja ýtarlegar áætlanir um byggingu loðdýragarðsins, um gerð hans, tæknilegan rekstur og fjármál, svo og um þau dýr, sem fyrirhugað er að rækta í garðinum.

Að fengnu áliti veiðistjóra um þessi gögn, tekur landbúnaðarráðuneytið ákvörðun um viðurkenningu loðdýragarðsins, með skilyrði um, að loðdýrarækt hefjist þar ekki, fyrr en gerð hans öll er í samræmi við fyrrgreindar áætlanir.

7. gr.

Um gerð loðdýragarða, rekstrarfyrirkomulag og framkvæmd laga þessara að öðru leyti skal skipað í reglugerð.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, varða sektum.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32 8. marz 1951, um loðdýrarækt.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Leyfi skal aðeins veita til ræktunar minka næstu tvö árin frá gildistöku laganna og eigi fleiri en 5 minkabúum.

Leyfi þessi má þó aðeins veita í byggðarlögum, þar sem villiminks hefur orðið vart. Heimilt er þó að veita leyfi fyrir einu af þessum 5 búum í Vestmannaeyjum.